

VEIGASTAÐAVEGUR
Hringvegur – Eyjafjarðarbraut eystri
Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir
Gunnar H. Jóhannesson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Janúar 2006

Efnisyfirlit

1.	YFIRLIT	2
1.1.	ALMENNT	2
1.2.	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR	2
1.3.	MATSSKYLDA	2
1.4.	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.5.	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR	3
1.6.	RANNSÓKNIR	3
1.7.	STAÐA SKIPULAGS	3
1.8.	NÁTTÚRUMINJASKRÁ	3
1.9.	LEYFISVEITENDUR	4
2.	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	4
2.1.	STAÐHÆTTIR	4
2.2.	NÚVERANDI VEGUR	4
2.3.	VEGTENGINGAR	5
2.4.	UMFERÐ	5
3.	KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING	6
3.1.	KOSTIR	6
3.2.	FRAMKVÆMDALÝSING	6
3.2.1.	Nýr vegur og vegtengingar	6
3.2.2.	Efnispörf	6
3.2.3.	Ræsi	7
3.3.	FRÁGANGUR	7
3.4.	VINNUBÚÐIR	8
3.5.	MANNAFLAÐÖRF	8
3.6.	FRAMKVÆMDATÍMI	8
3.7.	REKSTUR	8
4.	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	9
4.1.	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM	9
4.1.1.	Vegagerð	9
4.1.2.	Efnistaka	9
4.2.	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM	9
5.	LÝSING Á STAÐHÁTTUM	11
5.1.	MANNLÍF OG ÚTIVIST	11
5.2.	LANDSLAG	11
5.3.	SAMGÖNGUR, UMFERÐARÖRYGGI OG MENGUN	12
5.4.	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN	12
5.5.	JARÐMYNDANIR OG VATN	13
5.6.	GRÓÐURFAR OG FUGLAR	14
5.7.	MENNINGARMINJAR	14
6.	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	15
7.	NIÐURSTAÐA	16
8.	HEIMILDIR	17
9.	TEIKNINGAR	17

1. YFIRLIT

1.1. ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að endurbyggja, styrkja og leggja bundið slitlag á Veigastaðaveg, vegnúmer 828, frá Hringvegi við Hallland í Svalbarðsstrandarhreppi að Eyjafjarðarbraut eystri í Eyjafjarðarsveit. Framkvæmdin er samtals um 3,86 km löng

Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2006 og verklok verði sama haust.

Vegurinn liggur um lönd Halllands, Veigastaða I og II, Ytri-Varðgjár, Syðri-Varðgjár og Eyrarlands. Að auki eru fjöldi tenginga að nýjum íbúðarhúsum, tjaldsvæði og frístundahúsabyggingum, Kotabyggð, Vaðlabýggð o.fl.

Efnistaka er fyrirhuguð úr vegskeringum, opinni námu í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit og Leirum Eyjafjarðarár.

1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er bætt vegasamband á Veigastaðavegi. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur í Eyjafirði. Miðað er við að vegurinn verði snjóléttari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 70 km/klst hámarkshraða.

1.3. MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

- Skv. 5. gr., 1. viðauka lið 10 ii, þar sem nýlagning vega nær ekki 10 km,
- Skv. 5. gr., 1. viðauka lið 21, þar sem efnistaka er undir viðmiðunarmörkum.

Vegagerðin telur jafnframt að ekki þurfi að kanna matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Eyjafjörður. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku liggur um tvö sveitarfélög, Svalbarðsstrandarhrepp og Eyjafjarðarsveit.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu og efnistöku. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

Vegsvæði Veigastaðavegar sem er tengivegur telst vera 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður að jafnaði um 15–25 m breitt. Töluverðar fyllingar verða á nokkrum stöðum og þar verður framkvæmdasvæðið breiðara. Breiðast verður það milli stöðva 840-940 vegna fyllingar ofan í gil. Þar verður framkvæmdasvæðið um 40 m breitt.

Skeringar eru víða meðfram veginum. Breiðasta skeringin verður milli stöðva 3520-3640 og nær um 23 m frá miðlínu vegar.

Á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir framkvæmdasvæðið til að geyma efni tímabundið. Verður það gert í samráði við landeigendur.

Almennt er gert ráð fyrir að nota eins lítið framkvæmdasvæði og unnt er og er það tilgreint í útboðsgögnum.

1.5. LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Vegagerðin hefur haft samráð við sveitarstjórnir Svalbarðsstrandarhrepps og Eyjafjarðarsveitar og rætt við landeigendur. Haft verður samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir hefjast og á framkvæmdartíma.

1.6. RANNSÓKNIR

Vegagerðin mun láta gera efnisrannsóknir á framkvæmdasvæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana.

Haft hefur verið samráð við Minjavörð Norðurlands eystra varðandi upplýsingar um mögulegar fornleifar á svæðinu.

1.7. STAÐA SKIPULAGS

Vegarkaflinn sem fjallað er um liggur um tvö sveitarfélög, Svalbarðsstrandarhrepp í Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsveit í Eyjafjarðarsýslu.

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014 (staðfest 27.08.96) nær yfir allt sveitarfélagið. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 (staðfest 26.03.97) nær aðeins yfir hluta sveitarfélagsins. Það er nú í endurskoðun.

Svæðaskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, staðfest 14.10.2002 er til fyrir öll sveitarfélögin í Eyjafirði. Í meginmarkmiðum svæðisskipulagsins kemur fram (bls. 12-13) að allir tengivegir skuli byggðir upp og lagðir bundnu slitlagi á skipulagstímabilinu.

1.8. NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Á framkvæmdasvæðinu sjálfu er ekkert svæði sem er á Náttúrminjaskrá en í næsta nágrenni þess eru óshólmar Eyjafjarðarár, svæði á Náttúrminjaskrá. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt:

“**Hólmarnir**, Akureyri, Eyjafjarðarsveit (áður Öngulstaðahr.), Eyjafjarðarsýslu. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.”

Fyrirhuguð framkvæmd mun ekki hafa áhrif á umrætt svæði. Engar aðrar náttúruminjar sem eru á Náttúrminjaskrá eru í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

1.9. LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Svalbarðsstrandarhrepps og Eyjafjarðarsveitar. Þar sem ekki er til aðalskipulag fyrir alla Eyjafjarðarsveit mun Vegagerðin mælast til að sveitastjórn sveitarfélagsins veiti leyfi fyrir vegaframkvæmdinni skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1. STAÐHÆTTIR

Vegurinn liggur í hlíðum Vaðlaheiðar, í austanverðum Eyjafirði, um syðsta hluta Svalbarðsstrandarhreppar og nyrsta hluta Eyjafjarðarsveitar. Sveitarfélagamörk liggja milli Veigastaða og Ytri-Varðgjár.

Eiginlegt undirlendi er lítið í Svalbarðsstrandarhreppi en heiðin rís í breiðum hjöllum sem halla mót suðri. Norðan til verður hún þó víða snarbrött og er þar sumstaðar skriðuhætt. Hreppurinn er um 14 km langur og markast af Miðvík til norðurs og Varðgjá til suðurs.

Eyjafjarðarsveit liggur sunnan Svalbarðsstrandarhrepps. Við árósa Eyjafjarðará er allmikið flatlendi. Eyjafjarðará hlykkjast um flatlendið sem er votlent og all gróið. Í sveitum Eyjafjarðar er grónar hlíðar og mikið af vel ræktuðu landi. Dalirnir eru girtir tilkomumiklum fjöllum. Í þverðölum er landslag víða stórbrotið; mikil gljúfur og snarbrattar hlíðar, annars staðar er hlýlegt og kyrrlátt, kjarri vaxnar hlíðar og smávötn. Sveitin öll er fremur þéttbýl.

2.2. NÚVERANDI VEGUR

Veigastaðavegur er tengivegur af vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður vegur. Hann nær þó ekki allsstaðar þeirri breidd. Hann er um 3,86 km langur og liggur frá Hringvegi sunnan Halllandsnes, að Eyjafjarðarbraut eystri í Eyjafjarðarsveit, um 1,3 km sunnan vegamóta við Hringveg. Veigastaðavegur er malarvegur, nema á stuttum kafla (um 0,07 km) frá Leifsstaðavegi að Eyjafjarðarbraut eystri, þar sem hann hefur verið lagður bundnu slitlagi.

Fyrstu 1,3 km, frá Hringvegi að vegamótum við Vaðlaheiðarveg er vegurinn á köflum nokkuð uppbyggður en hæðóttur, brattur, með skerta vegsýn og uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Víða eru vegfláar mjög brattir.

Á vegarkaflanum eru engar brýr en nokkur ræsi. Girðingar eru á nokkrum stöðum meðfram vegi og eru sumar þeirra í lélegu ásigkomulagi.

Rykmengun er í næsta nágrenni vegarins en á undanfórnum árum hefur töluvert verið byggt af íbúðar- og frístundahúsum nærri honum.

2.3. VEGTENGINGAR

Vaðlaheiðarvegur (832), sem er landsvegur og Leifsstaðavegur (8210), sem er tengivegur tengjast Veigastaðavegi.

Ofan vegarins eru tengingar að býlunum Hallandi og Vaðlafelli, að sumarhúsabyggð í landi Hallands og að nokkrum íbúðarhúsum í landi Veigastaða og Vaðlafells. Einnig eru tengingar að býlunum Ytri-Varðgjá, Syðri-Varðgjá og Eyrarlandi, auk Austurhlíðar og Smáralækjar. Þá hefur ný frístundahúsabyggð verið tengd til bráðabirgða inn á vegamót Veigastaðavegar og Vaðlaheiðarvegar. Tengingar neðan vegar eru að tjaldsvæði Húsabrekku og að Kotabyggð, sumarhúsabyggð í landi Veigastaða. Einnig eru tengingar að Litluhlíð, Austurbergi, Ekru, Marki og Breiðabliki.

2.4. UMFERÐ

Ársgdagsumferð á Veigastaðavegi árið 2004 er skráð 176 bílar á sólarhring í umferðargagnabanka Vegagerðarinnar. Framreiknuð ársdagsumferð árið 2024, 20 árum seinna, er 207 bílar á sólarhring. Þar sem mikið er byggt af sumarhúsum í nágrenni vegarins má þó gera ráð fyrir að umferð verði nokkru meiri.



Mynd 1. Horft frá Hringvegi upp eftir Veigastaðavegi.

3. KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING

3.1. KOSTIR

Varðandi staðsetningu vegarins hefur verið miðað við að hann víki sem minnst út af núverandi vegi til að halda raski á landi í lágmarki.

3.2. FRAMKVÆMDALÝSING

3.2.1. Nýr vegur og vegtengingar

Endurbýggður vegur verður af vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og bundnum öxlum. Slitlagsbreidd verður 6,3 m. Hönnunarhraði verður 70 km/klst. Planlega vegarins verður betri en á núverandi vegi og öryggi vegfarenda meira.

Miðlína nýs vegar liggur í mestri fjarlægð frá miðlínu núverandi vegar við stöð 3620 eða í um 11 m fjarlægð.

Töluverð umferð er á Veigastaðavegi svo búast má við að umferð um svæðið tefjist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur.

Minnsti planbogi er 100 m og mesti halli um 8%. Halli á vegköntum í fyllingum (vegflái) verður yfirleitt 1:2,5. Hæsta fylling verður um 6 m há, miðað við miðlínu, við stöð 620. Breiðasta skeringin verður milli stöðva 3520-3640 og nær um 23 m frá miðlínu vegar.

Vegtengingar verða aðlagðar nýrri hæðarlegu vegarins.

Ekki er gert ráð fyrir að girt verði meðfram vegi að framkvæmdum loknum en þar sem hreyft verður við skepnuhaldum girðingum verða þær lagfærðar.

Gert er ráð fyrir að reiðfært verði að mestu meðfram veginum en ekki er talið að umferð hestamanna á svæðinu sé það mikil að þörf sé á sérstökum reiðvegi.

3.2.2. Efnispörf

Áætluð efnispörf í verkið er um 53.000 m³. Efni í efra-, neðra burðarlag og slitlag, samtals um 25 þús. m³ er áætlað að taka úr efnishaugum í landi þverár. Fyllingarefni og efni í fláafleyga, samtals um 28 þús. m³, er áætlað að taka úr skeringum og Leirum Eyjafjarðarár.

Tafla 1. Efnispörf

	<i>magn í m³</i>
Slitlag	1.000
Efra burðarlagsefni	6.000
Neðra burðarlagsefni	18.000
Fyllingar og fláafleygar	28.000
Samtals	53.000

Tafla 2. Efnistaka

	Slitlag magn í m ³	Efra Burðarlag magn í m ³	Neðra burðarlag magn í m ³	Fyllingarefni magn í m ³	Samtals í m ³
Náma A – Þverá	1.000	6.000	13.000		20.000
Náma B – Leirur			5.000		5.000
Skeringar				28.000	28.000
Samtals	1.000	6.000	18.000	28.000	53.000

Náma A - Þverá

Náma A er í landi Þverár, og er tenging að henni um 5,2 km sunnan vegamóta Veigastaðavegar og Eyjafjarðarbrautar eystri (829). Vegalengd að tengingu námunnar, frá vegamótum Hringvegar og Veigastaðavegar, er um 8,6 km. Námuslóði er um 0,7 km. Náman er í ógrónar eyrar Þverár og er opin.

Verkkaupi mun haugsetja efni í efra burðarlag og slitlag í námunni en annað efni verður tekið í samráði við námurétthafa.

Náman er metin með meðalverndargildi, þ.e. í verndargildisflokki 3, samkvæmt skilgreiningum Vegagerðarinnar.

Náma B – Leirur Eyjafjarðarar

Hér er um að ræða svæði vestan Eyjafjarðarbrautar eystri, um 200 m sunnan landamerkja Eyrarlands og Syðri-Varðgjár. Það hefur verið tíðkað um árabíl að taka þarna efni til notkunar í fyllingar. Samkomulag er um efnistöku við landeigendur Eyrarlands.

3.2.3. Ræsi

Ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ekkert stórt vatnsfall er í vegarstæðinu en nokkur ræsi og verða þau flest endurnýjuð. Þau eru alls 16 og eru við stöðvar: 30, 715, 1060, 1170, 1420, 1715, 1920, 2160, 2370, 2470, 2610, 2870, 3040, 3225, 3635 og 3840.

3.3. FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Lífrænum jarðvegi sem finnst í yfirborði skeringa verður ýtt ofan af til að geyma og jafna yfir skeringar og fláafleyga í lok framkvæmdar sem efsta lag við frágang. Með því ætti árangur af sáningum að verða öruggari.

Frágangi á námum og vegskeringum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Leitað verður til Umhverfisstofnunar eftir þörfum um hvernig staðið skuli að uppgræðslu vegsára. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun.

Þar sem skepnuheldum girðingum verður raskað verða þær lagfærðar í samráði við landeigendur. Vegtengingar verða aðlagðar að nýrri hæð vegarins.

Náma í landi þverár verður áfram opin.

3.4. VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5. MANNAFLAÐÖRF

Á verktíma skapast nokkur störf á svæðinu vegna framkvæmdarinnar. Reikna má með allt að 10-15 störfum á framkvæmdatímanum.

3.6. FRAMKVÆMDATÍMI

Fjárveiting í fyrirhugaða framkvæmd er á vegáætlun 2005-2007, samtals 85 mkr. Áætlað er að í febrúarmánuði 2006 verði verkið boðið út og framkvæmdir hefjist sama vor. Verklök eru áætluð haustið 2006.

3.7. REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

Í dag er vetrarþjónusta á Veigastaðavegi, milli Hringvegar og Eyjafjarðarbrautar eystri, allt að fimm sinnum í viku. Vetrarþjónusta skiptist á milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna tveggja sem vegurinn liggur um. Engar áætlanir hafa verið um breytingar á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur og miðað er við að þjónustan verði svipuð og nú er. Viðhald og rekstur á veginum mun fylgja þeim stöðlum og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegfloknum, umferð o.þ.h.

4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1. Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Helstu áhrif við byggingu vegar og veltenginga á Veigastaðavegi felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð brúar- og vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2. Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

4.2. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin reyndi að meta hvort líklegt væri að endurbygging vegar, og tilheyrandi veltengingar á Veigastaðavegi myndu hafa veruleg áhrif á umhverfið. Þar sem vegurinn fylgir að mestu núverandi vegi og efnistaka er ekki mikil telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Í eftirfarandi töflu eru taldir upp þeir umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

Tafla 3. Áhrif framkvæmdaþátta á umhverfi

FRAMKVÆMDAÞÆTTIR		REKSTRARÞÆTTIR	
VEGAGERÐ	EFNISTAKA	REKSTUR	
UMHVERFISÞÆTTIR	– Vegsvæði - Gróðurfar - Smádýralíf - Fuglar - Fornminjar - Jarðmyndanir	– Efnistökusvæði - Gróðurfar - Smádýralíf - Fuglar - Fornminjar - Jarðmyndanir	
	– Landslag Landslag	– Landslag Landslag	– Landslag Útsýni af vegi
	– Umferðartækni - Ryk á framkvæmdatíma - Hávaði vinnuvéla - Útblástur vinnuvéla - Mengunarslys - Töf á umferð	– Umferðartækni - Ryk á framkv.tíma - Hávaði vinnuvéla - Útblástur vinnuvéla - Mengunarslys	– Umferðartækni - Umferðaröryggi - Umferðarhávaði - Útblástur frá umferð - Mengunarslys - Samgöngur
	– Samfélag Atvinna	– Samfélag Atvinna	– Samfélag - Atvinna/þjónusta - Útivist/ferðaþjónusta

5. LÝSING Á STAÐHÁTTUM

5.1. MANNLÍF OG ÚTIVIST

Eftirfarandi er m.a. byggt á upplýsingum af heimsíðunni www.eyjafjordur.is.

Svalbarðsströnd er öll vel gróð og búsaðlarleg. Atvinnulífið í hreppnum er öflugt og hefur styrkst á undanförunum árum. Auk traustrar stöðu landbúnaðarins má nefna kjötvinnslu, verktakastarfsemi, trésmiðjur, gróðrastöð og ýmislegt fleira. Töluvert er um að ferðamenn heimsæki Svalbarðsströnd og er ferðaþjónusta sú atvinnugrein sem verið hefur í örustum vexti í hreppnum. Þar má finna hótél, nokkur gistiheimili og tjaldsvæði. Um miðbik hreppsins, fast við þjóðveginn, stendur alþýðulistasafnið Safnasafnið, eina listasafnið í sveit á Íslandi. Í byggðarkjarnanum Svalbarðseyri er miðstöð sveitarinnar. Þar er nýbyggður grunnskóli, leikskóli og sundlaug. Íbúar sveitarfélagsins 31. des. 2004 voru 366 talsins.

Árið 1991 varð Eyjafjarðarsveit til við sameiningu Hrafnagilshrepps, Öngulstaðahrepps og Saurbæjarhrepps. Þessar miklu og víðlendu sveitir inn af botni Eyjafjarðar eru afar búsaðlarlegar en öflugur landbúnaður er rekinn í Eyjafjarðarsveit og þar er að finna stærsta mjólkurbú landsins. Tveir þéttbýliskjarnar eru í Eyjafjarðarsveit; að Kristnesi og við Hrafnagil. Íbúar sveitarfélagsins 31. des. 2004 voru 993 talsins.

Í báðum sveitarfélögum hefur ásókn í byggingarlóðir farið vaxandi á undanförunum árum og hefur henni verið mætt af einstökum landeigendum og sveitarfélögum með skipulagi nýrra byggingarsvæða sem sum hver eru nú þegar komin í byggingu.

Áhrif á mannlíf

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast vegna umferðar þungra vinnuvéla. Vegfarendur um framkvæmdasvæðið munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Ryk og hávaði mun líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna minni rykmengunar og öruggari og betri vegar.

Reiknað er með að framkvæmdin skapi nokkur störf á svæðinu.

5.2. LANDSLAG

Töluvert bratt er frá Hringvegi upp að vegamótum Veigastaða- og Vaðlaheiðarvegar, en þaðan liggur vegurinn aflíðandi niður að vegamótum við Leifsstaðaveg.

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu í leiðbeiningarriti um námur, efnistöku og frágang. Landslagið á framkvæmdasvæðinu er menningarlandslag og ber sterk einkenni af landbúnaði. Vegurinn liggur um ræktað land í neðanverðum hlíðum Vaðlaheiðar. Frá Hringvegi að vegamótunum við Vaðlaheiðarveg er landslagið á framkvæmdarsvæðinu fremur fjölbreytt. Klettabelti eru víða ofan vegar og er bæjarstæðið að Halllandi undir slíku klettabelti. Skógrækt, tún og sumarhúsabyggð er einnig áberandi. Girðingar eru víða meðfram veginum en í misjöfnu ástandi. Mjög gott útsýni er frá framkvæmdasvæðinu yfir að vesturhlíðum Eyjafjarðar.

Áhrif á landslag

Landslaginu við vegarstæðið hefur þegar verið raskað með núverandi vegi og náman við þverá er þegar opin. Árum saman hefur (fyllingar)efni verið tekið úr Leirunum. Ekki er reiknað með að framkvæmdin komi til með að hafa mikil áhrif á landslag þar sem nýr vegur mun

allsstaðar liggja á núverandi vegi nema á stuttum kafla syðst á svæðinu við vegamót Veigastaðavegar og Leifsstaðavegar, þar sem hann víkur lítilsháttar út af núverandi vegi.

Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur og tilheyrandi vegtengingar falli vel að landi. Sáð verður í vegkanta. Reiknað er með að vegkantar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa fljótt.

5.3. SAMGÖNGUR, UMFERÐARÖRYGGI OG MENGUN

Núverandi vegur er nokkuð uppbyggður malavegur eins og kemur fram í kafla 2.2. Á honum eru nokkrar krappar beygjur og takmarkaðar sjónvegalengdir. Engar brýr eru á núverandi vegarkafli. Nokkur íbúðarhús eru það nálægt veginum að reikna má með að truflun sé að hljóð- og rykmengun.

Á seinustu árum hefur umferð og umferðarhraði á veginum aukist. Samkvæmt slysakortum Vegagerðarinnar urðu tvö umferðarslys á vegarkafli á tímabilinu 1996-1999. Í annað skiptið var um að ræða útafakstur með meiðslum en í hitt skiptið var ekið á fastan hlut. Á árunum 2000-2003 er ekkert óhapp skráð á veginum.

Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi

Búast má við að umferð um svæðið tefjist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur vegna efnisflutninga eftir núverandi vegi.

Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari þegar bundið slitlag hefur verið lagt á kaflann og beygjur hafa verið gerðar mýkri.

Áhrif á mengun

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla. Að framkvæmdum loknum má reikna með að hljóð- og loftmengun minnki miðað við núverandi ástand vegna bundins slitlags.

5.4. LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Vegurinn liggur um lönd Halldands, Veigastaða I og II, Vaðlafells, Syðri- og Ytri-Varðgjár og Eyrarlands. Margar tengingar eru inn á veginn, m.a. að býlum, nýjum íbúðarhúsum, tjaldsvæði og sumarhúsabyggð.

Lagnir eru víða á eða í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

- Ljósleiðari símans þverar veglínuna milli st. 520-550.
- Símalagnir þvera núverandi veglínu á fimm stöðum: við stöð 520, um 60 m neðan vegamóta Veigastaðavegar og Vaðlaheiðarvegar, um 100 m sunnan heimreiðar að Austurhlíð, um 120 m sunnan heimreiðar að Austurhlíð og um 370 m norðan vegamóta Veigastaðavegar og Leifsstaðavegar.
- Háspennuloftlína liggur ofan við framkvæmdasvæðið í hlíðum Vaðlaheiðar. Háspennujarðstrengur liggur víða meðfram vegi á framkvæmdasvæðinu og þverar veglínuna í nágrenni stöðva 690-990, um 115 m neðan vegamóta Veigastaðavegar og Vaðlaheiðarvegar, 200 m sunnan heimreiðar að Austurhlíð, við heimreið að Eyrarlandi og 400 m norðan heimreiðar að Eyrarlandi.
- Kaldavatnslögn liggur meðfram hægri vegarkanti milli stöðva 1110-1280 og þverar veglínuna í stöðvum 1120 og 1250. Þá þverar kaldavatnslögnin veglínuna í stöðvum 2050 og 3380.

- Hitaveitulögn liggur hægra megin vegar frá stöð 1175 og þverar veginn í stöðvum 1245 og 1280. Milli stöðva 1245-1750 liggur lögnin í um 10-12 m fjarlægð frá miðlínu vegarins. Í stöð 1750 þverar hitaveitulögnin veglínuna og liggur vinstra megin vegar að syðri útboðsenda eftir það. Þá þverar hitaveitulögnin veglínuna í stöðvum 1940 og 3360. Milli stöðva 1750-2060 liggur hitaveitulögnin skammt ofan núverandi vegskeringa en í stöð 3360 og að syðri útboðsenda liggur veglínun í vegkantinum.
- Ljósleiðari Norðurorku fylgir að mestu hitaveitulögn.

Áhrif á landnotkun

Endurbýgging Veigastaðavegar mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu. Hann liggur allstaðar á þegar röskuðu landi og fylgir að langmestu leyti núverandi veglínu.

5.5. JARÐMYNDANIR OG VATN

Fyrirhuguð veglína liggur eingöngu um þurrlendi. Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni tók eftirfarandi saman: Elstu berglög á framkvæmdasvæðinu eru mynduð á tertíer, á seinni hluta miósentíma og eru um 9 milljón ára gömul. Bergið er að miklum meirihluta úr basalti og þá aðallega úr póleiíti sem er dulkornótt basalt. Ofar í berggrunninum, þ.e. hærra í landinu, eru nokkur 10-15 m þykk dílabasaltlög sem mynda um 60-100 m þykkann stafla. Klettabeltið byrjar við Arnarhól og fer hækkanði til norðurs út með hlíðinni. Á milli berglaga er töluvert um millilög, yfirleitt rauðleit, sem eru oftast silt- og leirkennd eða þá sandkennd. Berggrunnurinn tilheyrir svokölluðu Eyjafjarðarbasalti en ofan á það leggst mislægt yngra basalt, svonefnt Kinnarfjallabasalt. Fyrir meira en 6-7 milljónum ára lá aðal gosbeltið að vestanverðu þar sem nú eru Húnavatnssýslur en síðan fluttist það til austurs og hlóðust þá upp berglög ættuð frá austri og suðaustri. Vaðlaheiðin er í hallabelti Miðnorðurlands sem hefur myndast vegna feringar þegar að þessi yngri berglög (Kinnarfjallabasalt) tóku að hlaðast upp í nýja gosbeltinu. Austurströnd Eyjafjarðar gengt Akureyri liggur utan þessa hallabeltis. Berglögum á framkvæmdasvæðinu hallar til suðurs og suðausturs og er hallinn hve mestur næst sjávarmáli. Við Leiruveg er hann suðlægur um 10° en hallinn snýst og eykst þegar inn á heiðina kemur. Misgengi eru ekki þekkt með vissu á framkvæmdasvæðinu en misgengi er þó að finna í Vaðlaheiðinni og stefna þau flest í norðaustlæga átt. Gangabéttleiki er mestur við ströndina en minnkar með hæð og er algengasta hallastefnan til norðurs. Í flæðamálinu rétt við Halllandsnes er margfaldur berggangur sem er um 20-30 m þykkur (Árni Hjartarson og Hafdís Eygló Jónsdóttir 1999, Árni Hjartarson 2001, Þórólfur H. Hafstað og fl. 1994).

Um miðbik framkvæmdasvæðisins er berggrunnurinn að mestu hulinn lausum jarðlögum en á stöku stað má sjá klappir skaga uppúr. Í syðsta hluta svæðisins, í nágrenni Eyrarlands, er hinsvegar þykkur setmassi sem hylur berggrunninn og hefur myndast á síðjökultíma eða í byrjun nútíma. Setið er gráleitt og mjög fingert og líklegast er um einhverskonar jökulruðning að ræða. Ofan á settlögum er misþykkur jarðvegur sem hefur myndast á nútíma.

Áhrif á jarðmyndanir

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Áhrif á vatn

Nýr vegur liggur hvergi um votlendi. Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

5.6. GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Nánast allt framkvæmdasvæðið sem lendir utan núverandi vegar er gróið. Skógrækt er meðfram hluta framkvæmdasvæðisins beggja vegna vegar, frá Hringvegi að stöð 1100. Þá hefur lúpínu víða verið sáð. Frá stöð 1100 að útboðsenda við Eyjafjarðarbraut eystri eru tún og beitolönd beggja vegna vegar. Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Landinu sem raskað verður við framkvæmdina hefur áður verið raskað.

Áhrif á gróðurfar

Framkvæmdin mun að stærstum hluta liggja um svæði sem raskað var við eldri vegagerð. Framkvæmdasvæði nýs vegar verður þó víðast breiðara en það svæði sem raskað var við byggingu núverandi vegar, því nýr vegur verður hærri og breiðari. Gert er ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði ekki veruleg.

Áhrif á fugla

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.

5.7. MENNINGARMINJAR

Vegagerðin leitaði álits Minjavörður Norðurlands eystra varðandi fornleifar á svæðinu. Þær upplýsingar sem liggja fyrir um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði benda til að engar fornleifar séu það nærri veginum að þær séu í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

Áhrif á fornminjar

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Norðurlands eystra um aðgerðir.

6. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft þar sem það er mögulegt. Nýr vegur verður hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við veg- og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma nema að nánum.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins. Leitast verður við að raska búskap sem minnst. Vegagerðin mun reyna að byggja veginn í sátt við landeigendur. Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni úr nánum sem notað verður til vegagerðar og það land utan núverandi vegsvæðis sem lendir undir vegaframkvæmdum. Girt verður að nýju þar sem hróflað verður við skepnuheldum girðingum meðfram veginum.
- Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni. Reynt verður að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.
- Varðandi vinnubúðir verður í útboðsgögnum farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda. Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.

Haft verður samráð við eftirtalda aðila:

Eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar í Eyjafjarðarsýslu um efnistöku og frágang á svæðinu.

Landeigendur, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:

- **Hallland:** Máni Guðmundsson (140164-5189), Hallandi 1, 601 Akureyri, s: 462 6382 / 896 6382. Guðmundur Helgi Guðmundsson (270362-4439), Hallandi 1, 601 Akureyri, s: 461 2637 / 896 2637. Hólmfríður Freysdóttir (050764-4519), Hallandi 1, 601 Akureyri, s: 867 5998. Lára Magnea Hrafnadóttir (160169-4279), Hallandi 1, s: 864 2637.
- **Veigastaðir I:** Eigandi Haukur Halldórsson (250145-4629), Þórsmörk, 601 Akureyri, s: 462 4502 / 892 2258 / 852 2258. Jóhannes Halldórsson (260840-3209), Vaðlafelli, 601 Akureyri, s: 462 4920 / 853 4920 / 893 4920. Halldór Jóhannesson (310862-7899), Smáratúni 1, 601 Akureyri, s: 462 7773.
- **Veigastaðir II:** Bjarney Bjarnadóttir (290650-4299), Þórsmörk, 601 Akureyri, s: 462 4502 / 861 8860.
- **Vaðlafell:** Jóhannes Halldórsson (260840-3209), 601 Akureyri, s: 462 4920 / 853 4920 / 893 4920.
- **Austurhlíð:** Kristján Vernharðsson (210163-5069) og Sigríður Jakobsdóttir (261155-5839), Austurhlíð, 601 Akureyri, s: 461 1551
- **Ytri-Varðgjá:** Vaðlabbyggð ehf. Urriðakvísl 18, 110 Reykjavík.
- **Syðri-Varðgjá:** Egill Jónsson (101027-4819), s: 462 4924.
- **Eyrarland:** Einar Grétar Jóhannsson (180155-0079) og Sólveig Jóhannsdóttir (250547-7069), s: 462 4659 / 854 1372.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepp varðandi framkvæmdaleyfi.

Sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar varðandi framkvæmdaleyfi.

7. NIÐURSTAÐA

Við framkvæmdina verður Veigastaðavegur milli Hringvegur í Svalbarðsstrandarhreppi og Eyjafjarðarbrautar eystri í Eyjafjarðarsveit endurbyggður.

Við framkvæmdina verður núverandi vegur lagfærður og klæddur bundnu slitlagi. Veglínan fylgir núverandi vegi að mestu og víkur hvergi út af honum nema þar sem nauðsynlegt er vegna öryggissjónarmiða.

Vegagerðin mun ekki gera aðrar rannsóknir á svæðinu en efnisrannsóknir. Minjavörður Norðurlands eystra kannaði hvort fornleifar væru í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Engar fornleifar eru það nærri veginum að þær séu í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Gert er ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg. Í útboðsgögnum verður tekið fram að takmarka skuli framkvæmdasvæðið eins og hægt er. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

Hætta á mengunarslysum eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Með bundnu slitlagi á kaflanum verður komin góð og greiðfær leið um svæðið.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd og sú námuvinnsla sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

8. HEIMILDIR

1. Árni Hjartarson, 2001: Akureyri-Jarðfræðikort 1:50.000. Orkustofnun OS-99118. Unnið fyrir Hita- og vatnsveitu Akureyrar.
2. Árni Hjartarson og Hafdís Eygló Jónsdóttir 1999: *Akureyri –jarðfræðikort 1:50.000*. Orkustofnun OS-99118. Unnið fyrir Hita- og vatnsveitu Akureyrar.
3. Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason og Kristján Sigfússon, 1993: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Akureyri.
4. Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóra-embættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins 2002: *Námur-Efnistaka og frágangur*. Reykjavík, 75 bls.
5. Heimasíða Eyjafjarðar, apríl 2004: www.eyjafjörður.is
6. Náttúruminjaskrá, september 2005: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra.
7. Náttúruverndaráætlun, september 2005: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvern/natturuverndaraetlun.
8. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, 2001.
9. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: *Íslands handbókin, náttúra, saga og sérkenni*. Örn og Örlygur, Reykjavík.
10. Þórólfur H. Hafstað, Halldór G. Pétursson og Freysteinn Sigurðsson 1994: *Vatnsveita Akureyrar-vatnsból og vatnsvernd*. Orkustofnun og Náttúrufræðistofnun OS-94059/VOD-05. Unnið fyrir vatnsveitu Akureyrar

9. TEIKNINGAR

- | | |
|---------------------------------|---|
| Teikning 1. Vegagerðin, (2005): | Yfirlitsmynd |
| Teikning 2. Vegagerðin, (2005): | Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:5000, 2 stk. |